



Reglur um veitingu styrkja vegna lagningu slitlags á heimreiðar og uppsetningu ljósastaura.

I

Ljósleiðari

Hreppsnefnd Ásahrepps hefur samþykkt að veittur verði styrkur **að upphæð kr. 150.000** til uppsetningar á ljósleiðaratengingu við Ásaljós á þau heimili með skráða búsetu eftir 1. desember 2014, gegn framvísun greiðslukvittana og reikninga frá Ásaljósi vegna framkvæmda við viðkomandi tengingu. Tengigjald við dreifiveitu Ásaljóss er raunkostnaður við að tengja viðkomandi aðila við dreifikerfi Ásaljóss.

II

Ljósastaurar

Hreppsnefnd Ásahrepps hefur samþykkt að greiddur verði kostnaður vegna kaupa og uppsetningar á tveimur (2) ljósastaurum við heimili í sveitarfélaginu, enda sé skráð búseta á viðkomandi heimili.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti að rafmagnsnotkun vegna bæjarlýsingar yrði ekki greidd af sveitarfélaginu frá byrjun árs 2023, en mun áfram sjá um uppsetningu nýrra staura skv. þessari samþykkt og einnig sjá um viðhald þeirra.

III

Veglagning að nýbýlum í Ásahreppi

Það er ekki hlutverk Ásahrepps að kosta vegi að nýbýlum, en Ásahreppur er reiðubúinn til að hafa fjárhagslega aðkomu að þessum málum við að kosta lagningu slitlags á héraðsvegum að nýbýlum (heimreiðar), þó ekki nær íbúðarhúsi en 50 metrar frá húsi. Síðustu 50 metrarnir eru á ábyrgð íbúðarhússeiganda og á hans valdi hvort þeir verði klæddir bundnu slitlagi á eigin kostnað.

Landeigandi sem hyggst reisa nýbýli og hafa þar fasta búsetu, og sem hefur rétt á að fá veg sem síðar yrði vegur í umsjón Vegargerðarinnar að sínu heimili, skal kynna sér skyldur sínar og réttindi sín skv. Vegalögum nr. 80/2007, sérstaklega þó c-lið 8. greinar og 20. greinar sem taka á skilgreiningu héraðsvega og kostnaðarhlutdeild skráðs eiganda við Vegagerðina. Einnig sjá Reglugerð um héraðsvegi 774/2010.

IV

Kaldavatsveita

Tengigjöld eru samkvæmt gjaldskrá Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps.